

Húsmiðjan ehf.
Kjalarvogi 12
104 Reykjavík

Akureyri, 9. júní 2021
UST202105-089/H.Ö.J.
07.07.02

Málslok – Eftirlit með plöntuverndarvörum

Vísað er til bréfs dags. 28.5.2021 þar sem tilkynnt var um eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði og meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Í eftirlitinu voru plöntuverndarvörur sem settar eru á markað athugaðar með tilliti til hvort þær uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur og reglugerðar nr. 980/2015 um meðferð varnarefna. Eftirlitið leiddi í ljós að plöntuverndarvörunar sem teknar voru til skoðunar reyndust allar uppfylla kröfur framangreindra laga og reglugerða.

Umhverfisstofnun gerir engar athugasemdir við þær vörur sem féllu undir umfang eftirlitsins og telst því málinu lokið.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 16. júní nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það með rökstuðningi til Umhverfisstofnunar eigi síðar en 15. júní nk.

Virðingarfyllt,

Helga Ösp Jónsdóttir
sérfræðingur

Björn Gunnlaugsson
teymisstjóri